

Nd.

52. Frumvarp til laga

[52. mál]

um breyting á lögum nr. 89 17. des. 1966, um Framleiðnisjóð landbúnaðarins.

Flm.: Stefán Valgeirsson, Vilhjálmur Hjálmarsson, Ágúst Þorvaldsson,
Magnús H. Gíslason, Sigurvin Einarsson.

1. gr.

Á eftir 3. másl. 1. gr. laganna komi nýr málsliður, svo hljóðandi:
Þó skulu tilraunir um innlenda fóðuröflun og heyverkun sitja fyrir öðrum verk-
efnum um fyrirgreiðslu.

2. gr.

Í stað „ $\frac{1}{3}$ “ í 3. gr. laganna komi: $\frac{3}{5}$.

3. gr.

4. gr. laganna orðist svo:
Framlag rikissjóðs til Framleiðnisjóðs skal ákveðið í fjárlögum hverju sinni.
Þó skal framlagið aldrei nema lægri upphæð en 25 milljónum króna á ári.
Leita skal umsagnar Stéttarsambands bænda og Búnaðarfélags Íslands um, hvaða
verkefni séu brýnust hverju sinni, og álitserðir þeirra skulu jafnan liggja fyrir,
þegar fjárveitinganefnd gerir tillögur sínar til Alþingis um framlag til sjóðsins.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þetta frumvarp var flutt á síðasta þingi, og var ekki meiri áhugi þá á framgangi
þess hjá stjórnarflokkunum en svo, að það var aldrei afgreitt úr nefnd. Nú er það
endurflutt með lítils háttar breytingum.

Samkvæmt gildandi lögum má ekki veita í styrk nema $\frac{1}{3}$ af því fé, sem ráðstafað
er á hverju ári. Við teljum þessa heimild of þrönga og leggjum til, að þetta hlutfall
breytist í $\frac{3}{5}$, með tilliti til þess, að sjóðurinn rynni í vaxandi mæli til tilraunastarf-
semi og uppbyggingar sláturhúsa. Við leggjum enn fremur til, að framlag rikissjóðs
verði a. m. k. 25 milljónir á ári í stað 20 í fyrra frumvarpi. Að öðru leyti skýrir frv.
sig sjálf.

Framleiðnisjóður landbúnaðarins var stofnaður samkvæmt lögum í desember
1966. Stofnframlag rikissjóðs var 50 milljónir króna, sem skyldu greiddast á fjórum
árum. Fyrsta greiðslan fór til að greiða upp í þann halla, sem varð á útflutningsjóði
1966. Stofnfé sjóðsins var því raunverulega aldrei nema 30 milljónir króna.

Miðað við þau verkefni, sem sjóðnum eru ætluð lögum samkvæmt, ná þeir fjár-
munir skammt, sem til umráða eru, og því mikið nauðsynjamál að efla hann nú.

Það hefur komið glögg fram á liðnum árum, hvað bændur eru vanbúnir að
mæta misjöfnu veðurfari, þrátt fyrir mikla ræktun og góðan tæknibúnað víðast hvar.

Í miklum óþurrkum, eins og voru sumarið 1969, stórskemmdist og eyðilagðist
mikið af heyi í stærstu landbúnaðarhéruðum landsins. Og nú á haustnóttum horfa
margir bændur upp á að verða að skerða bústofn sinn og það verulega vegna kal-
skemmda og sprettuleysis á liðnu sumri. En þrátt fyrir kalda veðráttu spratt víðast
hvar græn fóður, a. m. k. hafrar, væri þeim sáð nógu snemma.

Það er ekki mál bændanna einna, eins og sumir telja, hvernig til tekst með öflun
fóðurs handa búpeningi landsmanna og hvernig gæði fóðursins eru. Gæði afurðanna
eru mest undir því komin, hvernig fóðrið er, og enginn vafi leikur á því, að það hefur
veruleg áhrif á heilsufar þjóðarinnar, að þessi þáttur framleiðslunnar, fóðuröflunin,
sé í sem beztu lagi.

Við hljóttum að stefna að því að gera innlenda fóðuröflun árvissa, en þá þurfum við að breyta henni frá því, sem nú er, eða vera við því búinir, þegar veðurfar eyðir gróðri úr túnum, eins og skeð hefur víða um land á síðustu árum. Og það er ekki síður áriðandi að finna leiðir til þess, að það sé ekki háð veðurfari, hvert fóðurgildi fóðursins er hverju sinni.

Þar sem afkomuöryggi landbúnaðarins og gæði búvaranna byggjast fyrst og fremst á þessum tveim þáttum, verður ekki séð, að önnur verkefni sé meira aðkallandi fyrir þjóðina að leysa. Og þar sem tilgangur Framleiðnisjóðsins er að vinna að hagræðingu og framleiðniaukningu í landbúnaði, lítum við flutningsmenn svo á, að þótt mörg verkefni séu brýn, sem sjóðurinn þurfi að hjálpa til að leysa, þá eigi þessi verkefni að ganga fyrir öllu öðru.

Á þessum sviðum er mörgum spurningum ósvarað og verður ekki svarað á viðhlitandi hátt nema að undangengnum umfangsmiklum rannsóknum. Hraðþurrkun á heyi og grænfóðri er á byrjunarstigi. Margir bændur tengja við hana miklar vonir, ekki sízt þar sem jarðhiti er fyrir hendi eða í næsta nágreppi. Sumir telja, að það muni einnig svara kostnaði að hraðþurrka hey og grænfóður með raf- eða oliuhitun. Það munu vera mörg atriði í þessu sambandi, sem þarf að kanna af gaumgæfni og gera samanburðartilraunir með til að fá ódýrustu lausnina fram. Reynist þessi heyverkun hagkvæm við venjuleg skilyrði, mun hún valda gjörbyltingu í landbúnaði okkar og skapa honum öryggi. Á sviði votheysverkunar þarf einnig að gera umfangsmiklar tilraunir með votheysgeymslur og tæknibúnað og fá samanburð á þessum verkunaraðferðum, hvað kostnað og gæði fóðursins varðar.

Áföllin, sem landbúnaðurinn hefur orðið fyrir síðustu árin, ættu að hafa aukið skilning almennings á því, hvað þá Alþingis, að nú þurfi að bregða við og leita eftir úrræðum til að koma í veg fyrir slík áföll, eftir því sem hægt er. Það verður ekki gert nema með viðtækum rannsóknum og leiðbeiningastarfsemi, sem kosta mikið fjármagn.

En til að tryggja það, að þær rannsóknir, sem ráðizt verður í, séu gerðar á skipulegan hátt og það fjármagn, sem til þeirra verður varið, nýtist sem bezt, komum við ekki auga á heppilegri eða eðlilegri leið, en að Framleiðnisjóður inni þetta hlutverk af hendi, enda í fullu samræmi við tilgang hans, sbr. 1. grein laganna.

Með því stofnframlagi, sem ríkissjóður lagði fram til Framleiðnisjóðs, var ekki þess að vænta, að hann gæti valdið þeim verkefnum, sem í eðli sínu eru þannig vaxin, að hann ætti að sinna þeim, miðað við tilgang hans, markmið og þarfir. Óðaverðbólgan hefur minnkað framkvæmdamátt sjóðsins um meira en helming. Áföllin í landbúnaðinum síðustu árin kalla nú mjög á aukna starfsemi hans. Annars er hætt við, að heil byggðarlög leggist í auðn, verði tíðarfar með líkum hætti og síðustu árin og öflun fóðurs og verkun þess eins háð veðurfari og verið hefur.

Þau verkefni, sem sjóðurinn hefur aðallega sinnt fram að þessu, eru endurbygging sláturhúsanna og að koma upp mjólkurtönkum. Mörg sláturhúsanna eru í þannig ástandi, að þau uppfylla engan veginn þær kröfur, sem nú eru gerðar til slíkra húsa, miðað við kröfur erlendra aðila. Uppbyggingu sláturhúsanna og í sumum tilfellum endurbyggingu þarf að ljúka á fáum árum, en það verður ekki framkvæmanlegt, nema verulegur hluti þess fjármagns, sem til þess þarf, verði veittur í óafturkræfum framlögum. Að öðrum kosti mundi slík fjárfesting hækka kjötverðið til neytendanna óhæfilega mikið. Það þarf einnig að stuðla að því að ljúka sem fyrst tankvæðingu í öllum stærri mjólkurframleiðsluhéruðum landsins. Það mundi lækka flutningskostnað og auka hreinlæti.

Margt fleira mætti nefna, sem er þess eðlis, að Framleiðnisjóður ætti að veita því stuðning, væri hann þess megnugur. En þar sem þau viðfangsefni, sem hér hefur verið fjallað um, eru stór og aðkallandi og ekki líklegt, að öðru verði hægt að sinna að neinu ráði á næstunni, er ekki ástæða til að ræða um fleira að sinni.

Flutningsmönnnum er ljóst, að það fjármagn, sem sjóðurinn hefur yfir að ráða, er allt of naumt, þó að samþykkt verði sú fjárveiting til sjóðsins, sem gert er ráð

fyrir í frumvarpi þessu. En ekki þótti vænlegt til árangurs að gera tillögu um hærri upphæð, enda auðvelt að hækka hana, ef meiri hluti fæst fyrir því í meðförum þingsins.